

9. Heimur batnandi fer!

Hvernig viljið þið haga lífinu?

Málefni	Mismunun, umhverfismál, fátækt og félagsleg útskúfun
Þyngdarstig	Stig 1
Aldur	8–13 ára
Tími	50 mínútur
Hópstærð	1–20 börn
Tegund verkefnis	Teikningar, umræður
Yfirlit	Börnin teikna myndir af því umhverfi sem þau vilja búa í og einnig því umhverfi sem þau vilja ekki búa í. Þau ræða um hver munurinn er og hvernig þau geti haft áhrif á eigið umhverfi.
Markmið	<ul style="list-style-type: none"> • Að ræða um raunverulega og hugsanlega umhverfisþætti • Að leggja mat á umhverfi okkar og umhverfi annarra • Að ræða um leiðir til að vernda og/eða breyta eigin umhverfi og umhverfi annarra
Undirbúningur	<ul style="list-style-type: none"> • Taka til liti og málningu • Ljósrita myndir sem öll börnin eiga að fá afhentar
Efniviður	<ul style="list-style-type: none"> • Pappír • Alls kyns litir, t.d. málning, merkipennar, vaxlitir, blýantar • Teiknibólur eða límband til að festa upp myndir



Leiðbeiningar

1. Láttu börnin fá alls konar liti. Segðu þeim að velta fyrir sér í hvernig umhverfi þau vildu búa – alvöru umhverfi eða umhverfi sem þau ímynda sér – og teikna það.
2. Segðu svo börnunum að velta fyrir sér í hvernig umhverfi þau vildu ekki búa og teikna það.
3. Þegar myndirnar eru tilbúnar skaltu hengja þær upp og segja börnunum að koma og skoða þær.

Samantekt og mat

1. Farðu yfir verkefnið með spurningum á borð við eftirfarandi:
 - a. Var auðvelt að ímynda sér þessar aðstæður?
 - b. Hvaða teikningu og umhverfi eruð þið ánægðust með? Hvers vegna?
 - c. Hvaða teikningu og umhverfi eruð þið óánægðust með? Hvers vegna?
 - d. Ef eitthvert fólk ætti heima í því umhverfi sem þið teiknuðuð, hvernig myndi því líða?
 - e. Hvaða mynd sýnir ykkar eigið umhverfi?
2. Tengdu verkefnið mannréttindum með því að spyrja spurninga á borð við:
 - a. Umhverfi er ekki einungis staðurinn sem þið eruð á. Nefnið nokkur atriði sem skapa jákvætt eða neikvætt umhverfi? Nefnið atriði eins og tækifæri, ekkert ofbeldi, engin mismunun, frelsi og mannréttindi.
 - b. Hvernig áhrif hefur raunverulega umhverfið á okkur? Hvernig áhrif hefur réttindaumhverfið á okkur?
 - c. Hvernig mynduð þið lýsa réttindaumhverfi ykkar?
 - d. Hverju vilduð þið breyta í raunverulega umhverfinu? Í réttindaumhverfinu?
 - e. Hvað gætuð þið gert til að gera umhverfi ykkar líkara því umhverfi sem þið teiknuðuð?



- f. Búa öll börn í heiminum í umhverfi sem þau eru ánægð með?
- g. Eigum við rétt á að búa í góðu umhverfi?
- h. Finnst ykkur að við ættum að eiga rétt á að búa í góðu umhverfi?
- i. Hvað getum við gert til að stuðla að því að öll börn í heiminum búi í góðu umhverfi?

Tillögur um framhald

- Í verkefnunum „Fréttamaður hjá Litla-kompás“, bls. 83, og „Vatnsdropar“, bls. 188, fjalla börnin einnig um umhverfi sitt, vega það og meta.
- Í verkefninu „Kæra dagbók“, bls. 115, skoða börnin upplifun af sama atviki frá mismunandi sjónarhóli.

Hugmyndir um aðgerðir

- Farðu með börnin í gönguferð um bæinn eða hverfið og spjallaðu við þau um umhverfið og hvað þau eru ánægð eða óánægð með. Hjálpaðu þeim að setja fram ákveðnar tillögur um breytingar. Bjóddu sveitarstjórnaraðilum að koma og ræða þessar tillögur við börnin og stinga upp á breytingum.
- Settu upp sýningu á teikningum og hugmyndavinnu barnanna til að koma sjónarmiðum þeirra varðandi umhverfismál á framfæri meðal hinna fullorðnu.
- Haltu áfram að vinna með hugmyndir barnanna um hvernig breyta megi umhverfinu. Hvað geta þau gert til að bæta umhverfi sitt?
- Reyndu að finna verkefni sem verið er að vinna að og þar sem börn taka þátt í að hjálpa öðrum börnum sem búa á fátækari stöðum en þau sjálf. Elstu börnin gætu sjálf hleypt nýjum verkefnum af stokkunum.

Ábendingar til kennara/leiðbeinanda

- Komdu börnunum í skilning um að „umhverfið“ skapist af ápreifanlegum og raunverulegum þáttum jafnt sem huglægum, svo sem því að hve miklu leyti réttindi og frelsi sé fyrir hendi. Ítrekaðu að hvort tveggja sé nauðsynlegt til að gott umhverfi skapist. Yngstu börnin kunna að eiga erfitt með að skilja huglægu atriðin.
- Áður en hafist er handa við verkefnið þarf að liggja fyrir hvaða umhverfissjónarmið skal leggja áherslu á. Það er of viðamikilið og huglægt að ætla sér að fjalla um allt „umhverfið“.

Tilbrigði

Nota má ýmiss konar litatækni á sömu myndinni, t.d. vaxliti, málningu, pappírsmósaík.



EFNI TIL DREIFINGAR

